# Almennt

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 vegna Svínhóla í Lóni. Breytingin nær til greinargerðar og sveitarfélagsuppdráttar Nes-Lón. Greinargerð þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

# Forsendur og markmið

Núverandi eigendur jarðarinnar Svínhóla í Lóni fyrirhuga uppbyggingu hótels með blöndu af íbúðum og hótelherbergjum í landi Svínhóla í Sveitarfélaginu Hornafirði. Auk þessa er ráðgert að byggja starfsmanna- og þjónustuaðstöðu við Svínhóla.

Gert er ráð fyrir heilsársrekstri og er afmörkun svæðis áætluð sunnan Hringvegar, vestan Össurár.

Áætluð hótelbygging mun verða miðja svæðisins, með um 70 herbergjum. Hluti af hótellóð er ætlaður fyrir ýmiskonar afþreyingu hótelgesta. Áætlað er að 55 herbergi verði í megin byggingu hótels, en 15 íbúðir í stökum smáhýsum innan hótellóðar. Gert er ráð fyrir að hótelið geti hýst allt að 200 gesti. Á svæðinu verða einnig einbýlishús, en gert er ráð fyrir 20 húsum, 2-5 herbergja. Húsin yrðu seld og geta eigendur kosið að tengjast hótelinu og þá myndi hótelið leigja út þær íbúðir þegar þær eru ekki nýttar af eigendum. Gert er ráð fyrir heilsársbúsetu í einhverjum af þessum húsum en umfang þess er þó ekki þannig að skapist þörf á leikskóla- eða grunnskólaplássum innan svæðis. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn í sér rýmum. Umfang starfsmannaaðstöðu yrði um 4.800 m2 og er gert ráð fyrir allt að 160 starfsmönnum.

Áform eru einnig uppi um skógrækt á jörðinni í samræmi við samning við Skógræktina um nytjaskógrækt. Á aðalskipulagsuppdrætti er afmarkað svæði í Össurárdal, norðan Hringvegar, sem nýst gæti undir nytjaskógrækt.

Við uppbyggingu að Svínhólum verður lögð rík áhersla á að nýta gæði landsins og að allur frágangur húsnæðis og grunnvirkja taki mið af umhverfisaðstæðum og að mannvirki falli vel að umhverfi svæðisins. Öll hönnun mannvirkja og umhverfis verður þannig að tekið verður tillit til umhverfisgæða og ekki gengið á svæði sem heyra undir vernd.

# Tengsl við aðrar áætlanir

### Landsskipulagsstefna 2015-2026

*Í landsskipulagsstefnu fjallar markmið 2.1 um sjálfbæra byggð í dreifbýli. Áhersla er lögð á að í skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.*

Með uppbyggingu á Svínhólum er verið að byggja upp nýjan kjarna sem tengist núverandi bæjarhlaði og styður við vaxandi uppgang ferðaþjónustu. Þessi kjarni verður að mestu sjálfbær og er ekki stefnt að frekari uppbyggingu þar.

*Í landsskipulagsstefnu fjallar markmið 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands. Þar kemur fram að í aðalskipulagi byggist ráðstöfun lands í dreifbýli á flokkun landbúnaðarlands og verði horft til þess að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Einnig að val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar.*

Á Svínhólum er stefnt að því að breyta landnýtingu þannig að verslun og þjónusta komi í stað landbúnaðarlands. Hluti svæðis sem fer undir byggð eru heimatún. Eftir að búrekstri var hætt hafa tún verið slegin og m.a. nýtt á seinni árum sem fóður fyrir hross. Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu en önnur ræktun en túnrækt er ekki innan lóðar. Með uppbyggingu á Svínhólum verða tún ekki slegin með sama hætti og áður en stefnt er að ræktun innan svæðis á matvælum sem nýtast mun gestum svæðisins. Hvað varðar skógrækt þá er stefnt að því að nýtt skógræktarsvæði falli eins vel að landi og mögulegt er og skapi um leið skjól og útivistarmöguleika.

*Í landsskipulagsstefnu fjallar markmið 2.4 um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi. Þar er því beint til skipulagsyfirvalda sveitarfélaga að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Einnig að skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.*

Uppbygging í landi Svínhóla samræmist vel ákvæðum um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi. Öll uppbygging mun miða að því að byggð falli vel að umhverfi og uppbygging nýtist jafnt gestum sem íbúum sveitarfélagsins. Mikil áhersla er lögð á aðferðafræði sjálfbærrar þróunar með því að nýta eins mikið af staðbundnum gæðum og mögulegt er á framkvæmda- og rekstrartíma. Eins er rík áhersla á að öll byggð falli vel að landslagi og náttúru svæðisins. Samkvæmt kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar eru áhugaverðir staðir sitthvoru megin við lón, en engir innan svæðis.

# Stefna í Aðalskipulagi

*Stefna um landbúnaðarsvæði*

*Land Svínhóla er að stærstum hluta skilgreint sem landbúnaðarsvæði í núgildandi Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Um landbúnaðarsvæði segir í skipulagsreglugerð:*

*„Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.“*

*Í aðalskipulagi er stefnan að aðallandnotkunarflokkur í öllu dreifbýli sveitarfélagsins upp að 300 m hæðarlínu sé landbúnaðarsvæði. Stefnt sé að fjölbreyttum landbúnaði og nýmæli í framleiðslu munu byggja á hefðum, reynslu og landkostum.*

Fyrirhuguð uppbygging samræmist ekki núgildandi stefnu um landbúnaðarsvæði og er því sótt um breytta landnýtingu.

*Stefna um ferðamál og gistiþjónustu*

Ferðamennska er sú grein sem hefur verið í hvað örustum vexti á Íslandi um nokkurt skeið. Frá því að stefna um ferðamál og gistiþjónustu var sett fram í aðalskipulagi sveitarfélagsins þá hafa forsendur breyst umtalsvert. Gistinætur sem voru í sveitarfélaginu árið 2011 alls 150.000 voru komnar í 320.200 árið 2016 og framboð gistingar farið úr 900 gistirýmum í 979 á sama tímabili.

Í núgildandi aðalskipulagi er stefnt að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornarfjarðar og að hún verði eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum. Ferðaþjónusta innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum og er miðað við 16 gistirými.

Sveitarfélagið hefur nú þegar tekið skref í þá átt að bregðast við auknum fjölda ferðamanna með því að heimila alls 12 breytingar á aðalskipulagi á lögbýlum þar sem nýtingu er breytt í verslun og þjónustu. Fyrirhuguð uppbygging á Svínhólum er í sama anda og þessar breytingar og er til komin til þess að anna þeirri eftirspurn sem orðið hefur síðan Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt árið 2014.

# Staðhættir

Innan skipulagsreits eru í dag bæjarhús Svínhóla ásamt túni, en þar var um árabil stundaður hefðbundinn landbúnaður. Suður af jörðinni er Lónsfjörður sem hefur skilgreininguna ÖN 1 í aðalskipulagi, eða „önnur náttúruvernd“. Tilvísun er í náttúruminjaskrá þar sem svæðið er skilgreint nánar. Svæðið er m.a. þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Össurá rennur um jörðina. Efnistökusvæði (E2) er skilgreint í aðalskipulagi í áraurum Össurár. Um jörðina liggur ljósleiðari (L) og fjarskiptalína í lofti (S).

# Veitur

Uppbyggingaraðili ber ábyrgð á vatnsöflun fyrir svæðið, rafmagnskyndingu sem og lagningu vega innan svæðis. Leggja þarf öfluga 3-fasa rafmagnstengingu að svæðinu sem og öflugri ljósleiðara. Einnig þarf í samráði við RARIK að leggja línu í jörðu sem skilgreind er sem fjarskipti (S) innan lóðarinnar. Hreinsistöð fráveitu verður leyst þannig að lífríki í Lóni stafi ekki hætta af. Unnið verður að fyrirkomulagi vatns- og fráveitu við forhönnun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

# Fornminjar

Unnin hefur verið fornleifaskráning á skipulagssvæðinu. Alls fundust 40 minjar innan skipulagsreitanna. Hlutverk minjanna er mjög fjölbreytt en tengjast flestar landbúnaði. Við gerð deiliskipulags verður þess gætt að staðsetja mannvirki þannig að ekki þarf að hrófla við minjunum. Haft verður samráð við Minjastofnun Íslands um staðsetningu mannvirkja með tilliti til minja.

Við uppbyggingu á svæðinu gildir annars ákvæði 2.mgr. 24. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir:

*„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

# Málsmeðferð

Lýsing verkefnisins var tekin fyrir í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 8.nóvember 2018 og samþykkt að auglýsa hana frá 9.nóvember til 23.nóvember 2018. Óskað var umsagna hjá eftirfarandi aðilum: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Almannavörnum ríkisins, Veðurstofu Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun, Náttúrustofu Suðausturlands og Skipulagsstofnun.

Óskað verður umsagna við aðalskipulagsbreytingu hjá eftirfarandi aðilum: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Almannavörnum ríkisins, Veðurstofu Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun, Náttúrustofu Suðausturlands og Skipulagsstofnun. Haldinn verður kynningarfundur á skipulagstillögu fyrir íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

# Breyting á aðalskipulagi

Breytingin felur í sér að landnotkun á um 52 ha svæði sunnan þjóðvegar í landi Svínhóla er breytt úr landbúnaðarsvæði í svæði verslunar- og þjónustu. Einnig er gerð breyting á um 52 ha landbúnaðarsvæði norðan þjóðvegar og því breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Um svæðið munu gilda þeir skilmálar sem fram koma í greinargerð núgildandi Aðalskipulags sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 þar sem fram kemur *„að á landbúnaðarsvæðum mun áfram heimilt að vinna að staðbundnum verkefnum í samvinnu við Suðurlandsskóga og að við uppbyggingu á svæðum verslunar og þjónustu í sveitum skuli taka mið af byggðarmynstri og landslagi, sbr. kafla 7.1., sem eru m.a.:*

*> Að byggð falli að byggðarmynstri, sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.*

*> Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.“*

### Breyting á uppdrætti

Nýtt 59 ha svæði verslunar og þjónustu verður afmarkað á skipulagsuppdrættinum Nes-Lón. Svæði verslunar og þjónustu fær númerið VÞ 49. Á reitnum verður heimilt að byggja upp ferðaþjónustu með gistingu/hóteli sem hýst getur allt að 203 gesti. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk í sér húsi og 20 einbýlishúsum, en gert er ráð fyrir heilsársbúsetu í einhverjum af þessum húsum.

Nýtt um 52 ha skógræktar- og landgræðslusvæði í stað landbúnaðarsvæðis. Á reitnum verður uppgræðsla í samstarfi við Skógræktina.

### Breyting í greinargerð

Gerð er eftirfarandi breyting á töflu 16.2 í greinargerð, verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitunum, og svæði VÞ 49 bætt við ásamt lýsingu:

| VÞ nr. | Staður, starfsemi og umfang |
|---|---|
| VÞ-49 | **Svínhólar.** Ferðaþjónusta, gisting/hótel, afþreying, veitingarekstur, starfsmannaaðstaða, íbúðir. Allt að 203 gestir. Uppbygging vegna hennar skal heimil skv. deiliskipulagi. Svæðisafmörkun 59 ha. |

# Umhverfisskýrsla

Fyrirhuguð áform landeigenda Svínhóla eru tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Breyting á landnýtingu markar einnig stefnu um framkvæmdir sem geta haft í för með sér umhverfisáhrif og því háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hér á eftir er fjallað um möguleg umhverfisáhrif þeirrar landnotkunar sem mörkuð er stefna um og er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum. Vísað er til nákvæmari upplýsinga á deiliskipulagsstigi og einnig í tilkynningu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Við mat á vægi áhrifa er m.a. horft til viðmiða sem sett eru fram í umhverfisskýrslu gildandi aðalskipulags og einkunn gefin í samræmi við nákvæmni skipulagsstigs og fyrirliggjandi upplýsingar.

**Tafla 1** Umhverfisþættir til skoðunar, viðmið og viðfangsefni.

| Umhverfisþættir | Stefnuskjöl til viðmiðunar | Megin matsspurningar við mat á áhrifum á umhverfisþátt |
|---|---|---|
| Landslag og ásýnd | **Núgildandi aðalskipulag:**<br>-Kafli 7.1 um að við uppbyggingu verslunar og þjónustu skuli taka mið af byggðarmynstri og landslagi og að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.<br>**69.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:**<br>-Við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. | -Hverjar verða breytingar á einkennum umhverfisþáttar.<br>-Umfang áhrifa (lands-, svæðis- eða heimsvísu)<br>-Áhrif á verndargildi umhverfisþáttar<br>-Samræmi við stefnumörkun<br>-Tímalengd áhrifa og afturkræfni. |
| Náttúrufar | **61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:**<br>-Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortaþekja Náttúrufræðistofnunar).<br>**33.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:**<br>-Náttúruminjaskrá. | |
| Vatnafar | **Núgildandi aðalskipulag:**<br>-Kafli 34 um vötn, ár og sjó.<br>**Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála**<br>**Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir** | |
| Fornleifar | **Lög nr. 80/2012 um menningarminjar:**<br>-M.a. 3.gr. um að ekki megi spilla fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar. | |
| Samfélag | **Núgildandi aðalskipulag:**<br>-Kafli 6 um stefnu um Dreifbýli-sveitirnar. Fjallað um landbúnað, íbúðarsvæði, skógrækt, verndarsvæði og frístundabyggð.<br>-Kafli 7 um ferðaþjónustu. Fjallað er um segla og uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitum. | |
| Heilsa og öryggi | **Núgildandi aðalskipulag:**<br>-Kafli 38 um takmarkanir á landnotkun m.t.t. náttúrvár. | |
| Landnotkun og takmarkanir | **Núgildandi aðalskipulag:**<br>-Kafli 38 um takmarkanir á landnotkun m.t.t. náttúrvár, hindranaflata flugs, friðlýstra svæða, annarrar náttúruverndar, náttúruverndaráætlunar, minjaverndar, vatnsverndar og hverfisverndar.<br>**61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:**<br>-Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja (kortaþekja Náttúrufræðistofnunar).<br>**33.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:**<br>-Náttúruminjaskrá. | |

# Valkostir

Hér á eftir er samanburður á þeim kostum sem skoðaðir hafa verið varðandihugaða uppbyggingu á Svínhólum. Þar er um eftirfarandi að ræða:

Valkostur 1: Fyrirhuguð áform meðfram Lóni eins og þeim er lýst í þessari tillögu.

Valkostur 2: Uppbygging í Össurárdal norðan þjóðvegar

Valkostur 3: Núllkostur eða óbreytt ástand.

**Tafla 2** Samanburður valkosta-yfirlit.

| Umhverfisþættir | Valkostur 1 – Fyrirhuguð áform í Lóni | Valkostur 2 – Uppbygging í Össurárdal | Valkostur 3-Núll kostur |
|---|---|---|---|
| **Landslag og ásýnd** | **Neikvæð áhrif:**<br>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu og skógrækt.<br>Áhrif eru staðbundin og ná til nokkurs fjölda fólks.<br>Haganleg uppbygging þar sem tekið er tillit til landslags og umhverfis.<br>Við hönnun mannvirkja er tekið mið af landslagi og þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Sama á við um þá skógrækt sem fyrirhuguð er.<br>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Neikvæð áhrif:**<br>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu í dalnum og skógrækt.<br>Áhrif eru svæðisbundin og ná til nokkurs fjölda fólks.<br>Mannvirki skera sig nokkuð úr landslagi og umhverfi í mynni dalsins. Núverandi háspennulína hefur áhrif á útsýni frá mannvirkjum<br>Við hönnun mannvirkja er tekið mið af landslagi og þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Sama á við um þá skógrækt sem fyrirhuguð er.<br>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. |
| **Náttúrufar** | **Óveruleg neikvæð áhrif:**<br>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu og skógrækt.<br>Áhrif eru staðbundin.<br>Lítil eða engin skerðing á gróðri eða tegundum með verndargildi.<br>Mannvirki utan verndarsvæða.<br>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Óveruleg neikvæð áhrif:**<br>Breyting verður á einkennum umhverfisþáttar með uppbyggingu og skógrækt.<br>Áhrif eru staðbundin.<br>Lítil eða engin skerðing á gróðri eða tegundum með verndargildi.<br>Mannvirki utan verndarsvæða.<br>Áhrif eru til langs tíma en þó afturkræf að mestu með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. |
| **Vatnafar** | **Óveruleg neikvæð áhrif:**<br>Óveruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.<br>Fráveita hönnuð þannig að ekki verður mengun í lóni.<br>Vatnstaka verður úr lindum í Össurárdal, við slóða vestan Össurár, um 850 m ofan Þjóðvegar 1. Óveruleg áhrif verða á Össurá. Vatnsnotkun nemur að jafnaði 1 l/s en hámarksnotkun 25 l/s.<br>Mannvirki utan verndarsvæða og hindra ekki aðgengi að lóni.<br>Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Óveruleg neikvæð áhrif:**<br>Óveruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.<br>Fráveita hönnuð þannig að ekki verður mengun í lóni.<br>Vatnstaka verður úr lindum í Össurárdal, við slóða vestan Össurár, um 850 m ofan Þjóðvegar 1. Óveruleg áhrif verða á Össurá. Vatnsnotkun nemur að jafnaði 1 l/s en hámarksnotkun 25 l/s<br>Mannvirki utan verndarsvæða og hindra ekki aðgengi að lóni.<br>Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa |
| **Fornleifar** | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan minjasvæða. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan minjasvæða. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. |
| **Samfélag** | **Jákvæð áhrif:**<br>Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Auknar tekjur sveitarfélagsins, efling atvinnulífsog ferðaþjónustu.<br>Jákvæð áhrif á svæðisvísu.<br>Ekki gert ráð fyrir uppbyggingu í núgildandi skipulagi en horft til breytinga. Svæði innan seguls ferðaþjónustu.<br>Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Jákvæð áhrif:**<br>Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Auknar tekjur sveitarfélagsins, efling atvinnulífs og ferðaþjónustu.<br>Jákvæð áhrif á svæðisvísu.<br>Ekki gert ráð fyrir uppbyggingu í núgildandi skipulagi en horft til breytinga. Svæði innan seguls ferðaþjónustu.<br>Áhrif eru til langs tíma en afturkræf með tilliti til þessa umhverfisþáttar. | **Neikvæð áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Þar með engin uppbygging og tekjur til sveitarfélags né enn frekari efling ferðaþjónustu á svæðinu. |
| **Heilsa og öryggi** | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan hættusvæða vegna náttúruvár. | **Neikvæð áhrif:**<br>Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Gera má ráð fyrfir meiri veðurhæð með tilliti til vindafars og einnigg minni sólar). | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. |
| **Landnotkun og takmarkanir** | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan verndarsvæða sem takmarka landnotkun. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. Framkvæmdir utan verndarsvæða sem takmarka landnotkun. | **Óveruleg áhrif:**<br>Engar breytingar á einkennum umhverfisþáttar né umfangi áhrifa. |



Úr Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjörður 2012-2030 / Nes - Lón



Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjörður 2012-2030 / Nes - Lón

0 1 2 km



Hlulti af sveitarfélagsuppdrætti Nes - Lón , Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjörður 2012-2030 / Nes - Lón

- Verslun og þjónusta
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Frístundabyggð [F]
- Óbyggð svæði
- Skógur / landgræðsla
- Skurðir
- Vötn og sjór
- Friðlýst svæði
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Búsetuminjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista

# Niðurstaða umhverfismats

Í umhverfismati voru bornir saman þrír kostir, en ekki var talið raunhæft að bæta við kosti nær Höfn vegna svo sérhæfðrar upplifunar sem stefnt er að á Svínhólum, en staðsetning þar er m.a. tengt aðdráttarafli lónsins, kyrrð og tækifæri til fræðslu um náttúrufar svæðisins. Helstu neikvæðu umhverfisáhrif tengjast breytingu á ásýnd lands og þá einkum vegna þess að á svæðinu eru í dag fá mannvirki. Einnig gæti orðið skerðing á útsýni frá þjóðvegi yfir lónið á þeim kafla sem uppbygging mun eiga sér stað. Til þess að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd á fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði í Lóni sunnan þjóðvegar, munu uppbyggingaraðilar leggja mikla áherslu á að öll mannvirki verði hönnuð þannig að þau falli sem best að svipmóti lands og nærliggjandi umhverfis og verða settir skilmálar þess efnis í deiliskipulag. Það sama á við um þá skógrækt sem fyrirhuguð er. Huga má að í samvinnu við Vegagerðina hvort ástæða sé til þess að staðsetja áningarstað til framtíðar vestan eða austan Svínhóla til þess að koma til móts við mögulega útsýnisskerðingu frá vegi. Einnig er lögð áhersla á að skógrækt verði þannig að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum í samræmi við 70 gr. laga um náttúruvernd.

Fyrirhuguð uppbygging í Lóni verður í nánd við svæði sem hafa verndargildi með tilliti til náttúruverndar. Lónsfjörður er á náttúruminjaskrá og eins er þar skilgreint mikilvægt fuglasvæði þar sem svæðið er alþjóðlega mikilvægt álft á fartíma (vor og haust ) og fjaðrafellitíma. Þarna eru einnig leirur og votlendi ásamt fossum í Össurá (nálægt skógræktarsvæði) sem heyra undir sérstaka vernd samkvæmt náttúruverndarlögum. Einnig hafa verið skilgreindar vistgerðir með mismunandi verndargildi. Við hönnun mannvirkja á svæðinu verður tekið tillit til allra þessara verndarkvaða og mannvirki hönnuð þannig að svæði með verndargildi skerðist ekki. Við nánari útlistun á framkvæmdum í deiliskipulagi verða settir skilmálar um að útbúnar verði umgengnisreglur í samráði við fagstofnanir til að takmarka aðgengi gesta að lóninu með tilliti til fuglalífs, og þá einkum álfta. Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um að raska ekki votlendissvæðum sem heyra undir sérstaka vernd. Innan framkvæmdasvæðis eru vistgerðir með hátt verndargildi. Við framkvæmdir skal horfa til þess að lágmarka rask á þessum vistgerðum. Skógræktarsvæði ná að gljúfri Össurár en á þeim kafla eru þrír fossar sem heyra undir sérstaka vernd. Við uppgræðslu skógar verði þess gætt að umhverfi þeirra og sýn að þeim spillist ekki og eins verður þess gætt að fornminjar innan skógræktarsvæðis spillist ekki.

Talið er að áhrif á vatnafar verði óveruleg neikvæð vegna uppbyggingar . Vatnstaka verður úr lindum í Össurárdal, við slóða vestan Össurár, um 850 m ofan Þjóðvegar 1. Óveruleg áhrif verða á Össurá. Vatnsnotkun nemur að jafnaði 1 l/s en hámarksnotkun 25 l/s. Áður en til framkvæmda við vatnsveitu kemur þarf að sækja um leyfi til Fiskistofu sbr. 33.gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Fráveita vegna byggðar verður hönnuð þannig að lífríki í lóni stafi ekki hætta af. Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um að rekstraraðilar vakti vatnsgæði í Lóni við fráveitu í samvinnu við heilbrigðiseftirlit.

Talið er að uppbygging hafi jákvæð áhrif á samfélag á svæðisvísu í formi aukinna tekna fyrir sveitarfélagið sem og atvinnustarfsemi með aukinni verslun á svæðinu og enn frekari eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Að sama skapi myndu þessi tækifæri ekki skapast ef ekkert yrði aðhafst á svæðinu samkvæmt núll kosti.

Uppbyggingaráform munu taka mið af þeim takmörkunum sem eru fyrir hendi á landinu. Þar er m.a. um að ræða framtíðarstefnu sveitarfélagsins um legu Hringvegar, mögulegar fornleifar innan svæðis, nálægð við hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá og línulagnir innan svæðis s.s. lagning núverandi heimtaugar í jarðstreng.

Stefnt er að því að nýta efni úr grunnum á svæðinu eins og mögulegt er. Tvær malarnámur eru staðsettar nálægt Svínhólum og eru skilgreindar á aðalskipulagi. Önnur náman (E2) er úr áraurum Össurár, um 2 ha að stærð. Samkvæmt aðalskipulagi er hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, ef náma er í samræmi við lýsingu aðalskipulags og raskar ekki jarðmyndum sem njóta verndar. Hin náman er úr farvegi Reyðarár (E4). Náman er skilgreind 3 ha að umfangi og hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, enda komi fram stærð námu, staðsetning og tegund efnis.

Samþykkt og staðfesting:

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36 gr. laga nr. 123/2010 var samþykkt í

Umhverfis- og Skipulagsnefnd þann _______________ 2020,

Bæjarstjórn þann _______________ 2020,

Tillagan var auglýst frá _______________ 2020

með athugasemdafrest til _______________ 2020

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _________________________ 2020,

| | |
|---|---|
| HÖNNUÐUR | MANNVIT |
| HEITI VERKS | HORNAFJÖRÐUR<br>HORNARFJÖRÐUR - AÐALSKIPULAG 2012-2030<br>TILLAGA |
| HEITI TEIKNINGAR | BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2012-2030<br>Blönduð landnotkun í landi Svínhóla í Lóni |
| VERKNÚMER | 1.781.208 |
| MKV. | 1:50.000 |
| STÆRÐ | A1 |
| DAGSETNING | 21.janúar 2020 |
| ÚTGÁFA | |